Ég undirritaður eigandi jarðarinnar Kvíarholt í Holta- og Landsveit, Karl Þórðarson kt. 140423-4169, í samningi þessum nefndur seljandi og Vatnsveita Holtahrepps, í samningi þessum nefndur kaupandi, gerum með okkur svohljóðandi

SAMNING:

1. gr.

Seljandi selur kaupanda vatn til sameiginlegrar vatnsveitu og veita kaupanda rétt til vatnstöku úr uppsprettulind sem er staðsett við Stórhól.

2. gr.

Kaupanda er heimilt að afgirða og verja ágangi landsvæði kringum vatnsból og skal stærð þess ákveðin með nánara samkomulagi við jarðeigendur.

3. gr.

Kaupanda er heimilt að reisa mannvirki í landi Kvíarholts, sem nauðsynleg eru vegna vatnstöku og rennslis inn á veitukerfi sitt, en forðast skal allt óþarfa jarðrask og ganga þannig frá mannvirkjum, eftir því sem kostur er, að ekki séu að þeim lýti og slysahætta.

4. gr.

Kaupandi skal hafa óhindraðan aðgang og umferðarétt að lindinni, mannvirkjum og leiðslum frá henni eftir því sem með þarf til bygginga vatnsveitunnar, viðhalds, nýframkvæmda og eftirlits með þeim í framtíðinni. Þess skal þó gætt eftir föngum að umferð þessi valdi sem minnstum átroðningi og ónæði fyrir jarðeiganda.

5. gr.

Flytjist upptök uppsprettulinda í þeim til vegna jarðhræringa eða af öðrum ástæðum er kaupanda heimilt að virkja lindir á þeim nýja stað sem hún kann að koma fram á eftir ákvæðum samnings þessa.

6. gr.

Sem endurgjald fyrir framanskráð réttindi láta kaupendur jarðeiganda Kvíarholts í té endurgjaldslaus afnot af öllu því vatni, sem jörðinni er nauðsynlegt á hverjum tíma til heimilis- og búsþarfa og skal kaupandi kosta þá vatnslögn og viðhald á henni.

7. gr.

Kaupanda er óheimilt að leggja vatnskatt og annað afgjald vegna vatnsnota, viðhalds eða endurnýjunar vatnsveitunnar á jarðeigendur.

8. gr.

Kaupandi skal greiða seljanda kr. 200.000,- sem fullnaðargreiðslu fyrir vatnstöku og nýtingu vatnsbóla samkvæmt samningi þessum og eiga seljendur eða jarðeigandi Kvíarholts ekki rétt á frekari greiðslum vegna nýtingar kaupanda á rétti sínum samkvæmt samningi þessum.

9. gr.

Samningur þessi nær eingögnu til eigin nota kaupanda á vatni innan Holta- og Landsveitar, einnig nágrannahreppa að mati stjórnar vatnsveitunnar. Landeigendur áskilja sér rétt til ráðstöfunar og nýtingar annarra linda á landareigninni sem ekki tengjast þessum lindum.

10 gr.

Samningi þessum skal þinglýst sem kvöð á jörðina Kvíarholt, og skal kaupandi greiða kostnað af því.

11. gr.

Rísi ágreiningur af samningi þessum, skal málið rekið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

Laugalandi, 30.04 1998.

f.h. stjórnar Vatnsveitu Holtahrepps.

SVEITARSTJÓRI HOLTA- OG LANDSVEITAR

Eigandi jarðarinnar Kvíarholts.

Karl Þórðarson

Vitundarvottar:

Ólafur Sigurbergsson 110736-2319

Guðný F. Benediktsd. 0334-3529

Samþykkt:

Jóna K. Benediktsdóttir

Skjal nr. 98 / 143

Móttekið til þinglýsingar 22/5

Innfært í þinglýsingabók 25/5

Þinglýsingargjald kr. 1.200

Stimpilgjald — 800

kr. 2.000 —



Húsavík 25/5 1998

Sýslumaðurinn Þingeyjarsýslu